# Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Fossár á Hjarðarnesi, Vestur-Barðastrandarsýslu



Óskar Leifur Arnarsson
2021

*Mynd 1: Forsíðumyndin er af vörðu nr. 2624-3 sem stendur á Heimra-Stekkjarholti. Í baksýn sér yfir Vatnsfjörð að Brjánslæk. (Mót suðvestur. Ljósm. ÓLA).*

© Óskar Leifur Arnarsson, apríl 2021
Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Fossár á Hjarðarnesi, Vestur-Barðastrandarsýslu
Útgáfustaður: Patreksfjörður
Útgefandi: Óskar Leifur Arnarsson
Netfang: oskarar@gmail.com

Unnið fyrir landeigendur.

Minjastofnun Íslands - auðkennisnúmer verkefnis: 2624

| | |
|---|---|
| **Heiti verkefnis:**<br>Fornleifaskráning vegna skógræktar í landi Fossár á Hjarðarnesi, Vestur-Barðastrandarsýslu | **Verknr. / Rannsóknarnr.(Minjastofnun Íslands):**<br>2624 |
| **Sveitafélag / (Hreppur):**<br>Vesturbyggð (Barðastrandarhreppur) | **Sýsla:**<br>Vestur-Barðastrandarsýsla |
| **Jörð / lögbýli:**<br>Fossá (með Hamri) | **Landnúmer (Þjóðskrá Íslands):**<br>139798 |
| **Verkkaupi:**<br>Landeigandi | **Landeigandi, heimilisfang:** |
| **Landmælingar Íslands – Herforingjaráðskort:**<br>13 NA. Barðaströnd - Brjánslækur | **Hnit:**<br>- |
| **Gripir nr. (Sarpur):**<br>- | **Sýni:**<br>- |
| **Skýrsluhöfundar:**<br>Óskar Leifur Arnarsson | **Tímabil vettvangsvinnu:**<br>Janúar 2021. |
| **Verkefnisstjórar:**<br>Óskar Leifur Arnarsson | **Dagsetning:**<br>Apríl 2021 |

☐ **Verkefnið/skipulagið stangast ekki á við menningarminjalög**

☒ **Verkefnið/skipulagið stangast á við menningarminjalög**

# Efnisyfirlit

1. Inngangur....1
2. Markmið og aðferðir....3
Tilgangur fornleifaskráninga....3
Af hverju fornleifaskráning?....5
Fornleifaskráning og aðferðir....5
Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun....6
3. Sögulegt yfirlit....7
Fyrri rannsóknir....9
4. Úttekt á deiliskipulagssvæði....11
5. Niðurstöður....15
6. Heimildaskrá....17
7. Kort....19
8. Fornleifaskrá....21

# 1. Inngangur

Undirritaður var fenginn til að skrá fornleifar fyrir deiliskipulagsvinnu vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Fossár á Hjarðarnesi (landnr. 139798). Í umsögn minjavarðar um skipulagið var farið fram á að fornleifaskráning yrði gerð.[1] Stærð skipulagssvæðisins er um 21,5 ha. Til stendur að landeigendur semji við Skógræktina um ræktunina, með fyrirvara um framkvæmdaleiyfi sveitafélagsins.

Jarðirnar Fossá og Hamar (Suður-Hamar) á Hjarðarnesi eru sameinaðar undir nafn Fossár. Hamar fór í eyði árið 1905 og þá keyptu eigendur Fossár jörðina og nýttu saman. Um 1970 var býlið byggt upp á bæjarstæði Hamars. Deiliskipulagssvæðið er innan fornra merkja jarðarinnar Fossár og svæðið sem fyrirhugað er að leggja undir skógrækt neðarlega í Öskjudal, niður af Grænudýjum, vestan við ánna Fossá, milli Bóllækjar og Öskjudalsár.

Kristján Jónsson, skógræktarráðgjafi hjá Skógræktinni sá um úttekt og kortagerð vegna fyrirhugaðs skógræktarsvæðis.

Vettvangsathugun vegna fornleifaskráningar fór fram í janúar 2021. Umrædd fornleifaskráning takmarkast við ofangreint skipulagssvæði (sjá nánari mörk á korti). Ekki er um tæmandi upptalningu á fornleifum á jörðinni að ræða og fleiri fornleifar geta komið í ljós við framkvæmdir.

Vettvangsathugun og skýrsluskrif annaðist Óskar Leifur Arnarsson, fornleifafræðingur. Skýrsluhöfundur vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu á einhvern hátt.

1 Magnús A. Sigurðsson. Bréf dagsett 27.10.2020.

## 2. Markmið og aðferðir

### *Tilgangur fornleifaskráninga*

*Lög um menningarminjar nr. 80/2012* eiga að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang og kynni af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögunum, en í 16. gr., IV. kafla segir: *„Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. ... Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna.“*

Í 2. gr., I. kafla laganna eru þjóðminjar skilgreindar sem: *„Þjóðminjar teljast jarðfastar minjar eða lausir gripir eða hlutir sem eru einstakir og hafa sérstaka merkingu og mikilvægi fyrir menningarsögu Íslands.“* Í sömu grein eru þjóðarverðmæti skilgreind sem: *„hvers konar munir, gripir, myndir, skjöl, handrit og bækur í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagasamtaka eða einstaklinga sem hafa sérstaka þýðingu fyrir íslenska þjóðmenningu.“*

Í 3. gr., I. kafla laganna eru fornminjar skilgreindar sem: *„annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.“*

*„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:*

- *a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,*
- *b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,*
- *c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,*
- *d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,*

e. *virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,*
f. *þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,*
g. *áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,*
h. *haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,*
i. *skipsflök eða hlutar þeirra.*

*Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.“*

Um verndun fornleifa segir í 21. gr. VI. kafla: „*Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.*
*Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.“*

Í 22. grein segir: „*Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.“*

Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti og minnst fjögurra vikna fyrirvara ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar. Eins er hverjum þeim sem verður var við að fornleifar liggi undir skemmdum skylt að láta sömu stofnun vita án tafar (sjá 23. gr., VI. Kafla).

Ef óþekktar fornminjar koma í ljós, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli skal Minjastofnun Íslands gert viðvart svo fljótt sem unnt er.

Þá skal sá sem fyrir framkvæmdum stendur stöðva þær án tafar og hafa samband við Minjastofnun Íslands ef óþekktar fornminjar finnast á framkvæmdasvæði. Skriflegt leyfi Minjastofnunar Íslands þarf til að hefja framkvæmdir að nýju á fundarstað fornminja (sjá 24. gr., VI. Kafla).

### *Af hverju fornleifaskráning?*

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausu. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum við skipulagsvinnu og vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókna- eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa og aukins kostnaðar á viðkomandi verki.

En það er ekki aðeins lagaleg ástæða fyrir því að fornleifar eru skráðar. Ástæður eins og fræðilegar, menningarlegar, siðferðislegar og sögulegar geta þar einnig komið til. Saga og minjar eru mikilvægur hluti af þjóðarímynd Íslendinga. Yngri rústir eru mikilvægar til að varpa ljósi á eldri minjar og búsetusögu svæðis. Til að yfirvöld sem fara með minjavörslu geti sinnt hlutverki sínu varðandi fornleifar, verða þau að hafa yfirsýn yfir hvaða minjar eru til og staðsetningu þeirra.

Fornleifarnar geyma upplýsingar sem hvergi annars staðar er að finna. Þessar upplýsingar eru ekki geymdar í handritunum eða safngripum. Upplýsingar um líf og störf genginna kynslóða og sögu persónanna sem landið byggðu. Einnig gefa fornleifarnar innsýn inn í daglegt amstur og lífsafkomu íbúanna. „Hvort sem okkur líkar það betur eða verr, voru þessar rústir hluti af tilverunni og veruleikanum og þess vegna eru þær mikilvægar fyrir þjóðina, sögu hennar og ímynd. Ef hún eyðir þeim, eyðir hún hluta af sjálfri sér“[2]

### *Fornleifaskráning og aðferðir*

Við fornleifaskráninguna er farið eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands frá 2013 með síðari tíma viðbótum og breytingum.

Við undirbúning og úrvinnslu voru fyrirliggjandi heimildir athugaðar, svo sem jarðabækur, örnefnaskrár og fornrit. Þá var einnig rætt við heimildarmenn. Fornleifaskráning á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja. Gengið var skipulega um svæðið. Hver minjastaður var hnitsettur (ÍSN93), honum lýst, ljósmyndaður og teiknaður þegar við átti.

Þá var einnig notast við hnitsetta loftmynd frá Loftmyndum ehf. til staðsetningar á fornleifum og farið var yfir eldri kort og loftmyndir frá Landmælingum Íslands. Kortin eru unnin í QuantumGIS.

Fornleifar sem eru skráðar fá hver sitt númer eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands. Númerið byggir á

2 Bjarni F. Einarsson (2007): 7

verknúmeri verkefnisins sem fæst við stofnun þess í kortavefsjá Minjastofnunar Íslands og hlaupandi númeri innan verkefnisins (d. Verknúmer 2624, Fossárstekkur 2624-1). Metið er hvort fornleifar á sama svæði tilheyra ákveðinni minjaheild út frá stöðlum Minjastofnunar Íslands.[3]

Ekki má líta svo á að um tæmandi fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða og óþekktar fornleifar geta óvænt komið í ljós við framkvæmdir.

### *Staðardagskrá 21 - sjálfbær þróun*

Árið 1992 sendi Heimsráðstefna Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem haldin var í Rio de Janeiro frá sér ályktun. Ályktunin *Dagskrá 21* eða *Framkvæmdaáætlun 21* (*e. Agenda 21*) miðar að því að hvetja þjóðir heims til vitundarvakningar um sjálfbæra þróun.

Staðardagskrá 21 miðar að því að allar sveitastjórnir heimsins geri með sér áætlun um sjálfbæra þróun samfélagsins og þau verk sem vinna þarf til að ná þeim markmiðum. Sjálfbær þróun samfélags tekur mið af félagslegum, hagrænum, menningarlegum og vistfræðilegum þörfum núlifandi íbúa og komandi kynslóða. Í skýrslu um Staðardagskrá 21 frá 2009 segir að Vesturbyggð hafi samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna árið 2006. Þar er Vesturbyggð sett í flokk með sveitafélögum sem hafa „einhver önnur tengsl við Staðardagskrárkerfið“.[4] Í skýrslu um *aðalskipulag Vesturbyggðar 2006-2018* segir að „Vesturbyggð er ekki eitt þeirra sveitarfélaga sem tekið hefur þátt í gerð Staðardagskrár 21 ... eða samþykkt Ólafsvíkuryfirlýsinguna.“[5] Þó er bent á að nokkur viðfangsefni Staðardagskrár 21 og aðalskipulags fléttist saman, en á það er bent að stefnu sé ekki framfylgt varðandi verndun fornleifa og annarra menningarminja.[6] Þetta þarf að skoða nánar og æskilegt að Vesturbyggð geri áætlun varðandi menningarminjar og skipulagsgerð.

Grundvöllur sjálfbærrar þróunar fornleifa er fólginn í ítarlegri fornleifaskráningu. Til að geta unnið að skipulagsgerð og tekið ákvarðanir um örlög þeirra minja sem finnast á tilteknu svæði, er nauðsynlegt að þekkja hvað finnst. Með skráningu fornleifa fæst vitneskja um hvort að stök rúst eða minjasvæði sé einstakt fyrir svæðið, hvort um sé að ræða fornleifar sem eru dæmigerðar og góður fulltrúi fyrir svæðið eða hvort um sé að ræða minjar sem á sér margar líkar. Þetta verður allt að liggja fyrir áður en ákvörðun um framhaldið er tekin, hvort minjar eigi að vernda sérstaklega eða fórna og þessi vitneskja fæst einungis með fornleifaskráningu.[7]

3 Minjastofnun Íslands (2013) og Oddgeir Isaksen (2016).
4 Stefán Gíslason. (2010)
5 Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir (2006 / 2008): 15
6 Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir (2006 / 2008): 16
7 Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir (2008): 9

## 3. Sögulegt yfirlit

Fornleifaskráning þessi var gerð vegna deiliskipulags sem verið er að vinna vegna fyrirhugaðrar skógræktar í landi Fossár á Hjarðarnesi (landnr. 139798), Vestur-Barðastrandarsýslu. Skipulagssvæðið er 21,5 ha að stærð og liggur neðantil í Öskjudal, norðvestur af hinu gamla bæjarstæði Fossár. Milli Bóllækjar og Öskjudalsár.

Byggð lagðist af á jörðinni Hamri (Suður-Hamri) árið 1908 og voru jarðirnar Fossá og Suður-Hamar nytjaðar saman eftir það. Búið var á bæjarstæði Fossár fram yfir miðja 20. öld, en síðan byggt upp á bæjarstæði Hamars og Fossár nafnið flutt yfir á nýja býlið og jarðirnar sameinaðar.[8] Skráningarsvæðið liggur innan marka þess hluta sem áður tilheyrði Fossá og því verður saga Suður-Hamars ekki tekin fyrir í þessari skýrslu. Saga Fossár verður heldur ekki rakin nákvæmlega, enda nær fornleifaúttektin einungis til lítils hluta jarðarinnar. Nafngift Hjarðarness er tengd við landnámsmanninn *Geirmund heljarskinn* sem nam land við innanverðan Breiðafjörð og bjó á Skarðströnd. *„Svo segja menn, at svín hans gengi á Svínanesi, en sauðir á Hjarðarnesi.“*[9] Hugsanlega hefur Hjarðarnes verið byggt einhverjum árum eða áratugum eftir að sauðir Geirmundar gengu þar. Samkvæmt *Sturlubók og Hauksbók Landnámabókar* lá Fossá innan landnáms *Nesja-Knjúks Þórólfssonar sparrar* sem nam öll nes frá Kvígindisfirði að Barðaströnd. En samkvæmt *Melabók* náði landanám hans einungis til Kjálkafjarðar[10] og þá líklega ekki lengra en út á nesodda Litlaness.

Um landnám *Geirsteins kjálka* eru til þrjár útgáfur, *Sturlubók, Melabók og Hauksbók Landnámabókar.* Þær eru svipaðar, en *Sturlubók* fer aðeins ýtarlegra yfir ætt Geirsteins. Þá segja *Sturlubók* og *Hauksbók* að *Geirsteinn* hafi numið land með ráði *Knjúks*. Þar segir: *„Geirsteinn kjálki nam Kjálkafjǫrð ok Hjarðarnes með ráði Knjúks. ...“*[11] En *Melabók* nefnir það ekki, heldur telur hann sjálfstæðan landnámsmann.

Ekki er getið hvar Geirsteinn byggði bæ sinn og líklega hefur býli Nesja-Knjúks ekki verið innan þess svæðis sem Geirsteinn nam. Í bókinni *Landið og landnáma* er bent á það að eini bærinn sem standi í Kjálkafirði sé bærinn Auðnar, en þó er bent á lítið nafnlaust tóftasvæði á austurströnd Kjálkafjarðar. Þá er einnig bent á það að sökum aðstæðna, mikils útfiris, hafi verið hentugra að reisa bæi úti á nesjum frekar en inn í fjarðarbotnum.[12]

8 Birgir Þórisson (2011): 51-52
9 Íslendingabók Landnámabók (1968): 154-55
10 Íslendingabók Landnámabók (1968): 170-71
11 Íslendingabók Landnámabók (1968): 172-73
12 Landið og landnáma, I.bindi (1982): 206-9

Elsta heimildin um jörðina Fossá koma fyrir í *Gísla sögu Súrssonar* í sambandi við flótta Gísla undan mönnum Barkar hins digra er þeir leituðu hans í hjá Ingjaldi í Hergilsey. Gísli náði landi á Hjarðarnesi og komst særður að Auðshaugi þar honum var veitt aðstoð. Menn Barkar komu þangað að leita Gísla en fundu ekki. Börkur var sjálfur eftir á Fossá.[13]

Jörðin Fossá kemur víða fyrir *Íslenzku fornbréfasafni* og þá oftast í tengslum við upptalningu eigna eða eigendaskipti. Fossá er talin með eignum Guðmundar ríka Arasonar árið 1446, þegar eignir hans voru teknar undir konung. Jörðin var þá metin á 24 hdr. og fylgdu 4 kúgildi og lá þá undir Brjánslæk sem var fjórða höfuðból Guðmundar á Barðaströnd.[14] Jarðarinnar er getið í vitnisburði frá 5. september 1460 yfir jarðir sem Björn Þorleifsson lagði aftur af jörðum sem Guðmundur Arason hafði haldið áður.[15] [16]

Fossár er getið í skiptabréfi eftir Björn Þorleifsson frá 23. október 1467, en þá eignaðist ekkja hans Ólöf „ríka“ Loftsdóttir jörðina.[17] Þorleifur Björnsson fékk m.a. Fossá eftir móður sína Ólöfu Loftsdóttur samkvæmt skiptabréfi frá 15. apríl 1480, en þá var eignum hennar skipt á milli sona hennar, þeirra Þorleifs og Einars.[18] Fossá er talin með þeim jörðum sem Jón (dans) Björnsson gaf Bjarna Andréssyni samkvæmt gjafabréfi frá 26. mars 1508.[19] Árið 1509 er jarðarinnar aftur getið í reikningsskap Björns Guðnasonar um jarðagóss og eignir Bjarna Andréssonar, mágs hans, er þá hafði andast. Fossá var þá metin á 24 hdr. og er nánar tilgreint hver leiga jarðarinnar hefur verið.[20] Aftur er jarðarinnar getið í skiptabréfi milli Guðrúnar Björnsdóttur, ekkju Bjarna Andréssonar,og Sólveigar dóttur þeirra frá 18. júlí 1525 og mat jarðarinnar þá það sama.[21] Í jarðaskiptabréfi frá 22. febrúar 1569 lætur sr. Jón Þorleifsson Eggert Hannesson hafa ½ Stakka á Rauðasandi og ½ Fossá í skiptum fyrir jörðina Svínanes.[22] Í reikningskveri Eggerts Hannessonar árin 1570-1571, sem hafði að geyma allar skuldir fornar og nýjar sem Eggert átti inni, er talin upp landskuld Ólafs nokkurs sem þá hefur búið á Fossá.[23] Árið 1576 er hálf Fossá talin með fasteignum Eggerts Hannessonar.[24] Sr. Þorleifur Bjarnason seldi Magnúsi Arasyni Fossá en fékk í staðinn Brekku 16. september1630.[25]

---

13 Gísla saga Súrssonar (1943): 85-87
14 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1897), 4. bindi: 688-89
15 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1899-1902), 5. bindi: 218-19
16 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1915-1925), 11. bindi: 20
17 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1923-1932), 12. bindi: 46-52
18 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1900-1904), 6. bindi: 254-57
19 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1906-1913), 8. bindi: 197
20 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1906-1913), 8. bindi: 266-69
21 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1909-1913), 9. bindi: 271
22 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1947-1950), 15. bindi: 231-32
23 D.I. Íslenzkt fornbréfasafn (1947-1950), 15. bindi: 505
24 Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993): 103
25 Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993): 163

Þann 25. apríl 1661 seldi Guðbrandur Magnússon Fossá, Hamar og tvo parta í Brjánslæk en fékk í staðinn tvær jarðir í Þingeyjarsýslu frá Þorleifi Kortssyni.[26] Guðmundur Þorleifsson fékk m.a. Fossá í arf eftir föður sinn Þorleif Kortsson lögmann, þegar synir hans skiptu með sér arfi skv. bréfi frá 8. október 1698.[27]

Í *Jarðabók* Árna og Páls sem tekin er saman í upphafi 18. aldar er jarðardýrleiki Fossár metinn 24 hdr. Eigandi jarðarinnar þá var Guðmundur Þorleifsson á Geirrauðareyri og ábúandi Sveinn Jónsson. Með Fossá eru talin upp eyðikotin Uppsalir og Hella, sem þá voru eign Brjánslækjarkirkju en heyrðu undir Guðmund Þorleifsson.[28] Í *Jarðatali* Johnsens frá 1847 er dýrleiki Fossár metinn sá sami og jörðin í bændaeign. Þá er þess getið að árið 1805 hafi fengist 180 pund æðardúns og 60 pund fiðurs og landskuldin var greidd í dún.[29] Í *Nýrri jarðabók fyrir Ísland* er fornt jarðamat það sama og í *Jarðatali*. En nýtt jarðamat 17,1 hdr.[30]

## *Fyrri rannsóknir*

Fossá kemur lítið fyrir í sambandi við rannsóknir á íslenskri fornleifafræði. Fyrsta dæmið er úr rannsóknarferð Sigurðar Vigfússonar um Breiðafjörð árið 1889, þegar Sigurður kannaði meðal annars staðhætti Gísla sögu Súrssonar. Á Hjarðarnesi hefur hann kannað staðhætti við landtöku Gísla þegar hann var að flýja Börk hinn digra og menn hans.[31] Annað dæmið er skýrslan *Menningarminjar í Vesturbyggð* eftir Orra Vésteinssonar og Sædísar Gunnarsdóttir frá 1997. Um er að ræða heimildaskráningu um fornleifar sem koma fyrir í rituðum heimildum. Af þeim 19 fornleifum sem skráðar voru vegna skógræktar voru einungis vísbendingar um 3 þeirra í rituðum heimildum (örnefnaskrám). Þó má benda á að vísbendingar voru um fleiri minjar vegna nálægðar við bæjarstæði Fossár. Dæmin sýna að mestur þéttleiki minja er innan gamalla heimatúna og næst þeim.

Síðasta dæmið er svo vegna fornleifaskráningar sem unnin var vegna *ný og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60 frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði* árið 2008.[32] Neðsti hluti fyrirhugaða skógræktarsvæðis er innan svæðis sem áður á að hafa verið fornleifaskráð samkvæmt fyrrgreindri úttekt og kortasjá Minjastofnunar Íslands. Í skýrslunni segir að skráð hafi verið svæði 150 metra út fyrir veglínu í hvora átt, sem varla fæst staðist. Ekkert kemur fram um hvort rætt hafi

26 Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993): 97
27 Jarðabréf frá 16. og 17. öld (1993): 150
28 Árni Magnússon og Páll Vídalín (1938): 268-69
29 J.Johnsen (1847): 179
30 Ný jarðabók fyrir Ísland (1861): 73
31 Sigurður Vigfússon (1893): 3-5
32 Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen (2008).

verið við heimildamenn. Engar minjar voru skráðar þá innan núverandi skráningarsvæðis, þó svo að þær séu vel sýnilegar og telji alls 9 minjastaði. Innan svæðisins sem merkt er að hafi verið skráð fyrir Vegagerðina lenda minjar nr. 2624-1 (Fossárstekkur), 2624-2 (hlaðinn garður), 2624-11 (hlaðinn garður), 2624-12 (heimild um kvíar), 2624-13 (tóft), 2624-14 (rétt), 2624-15 (tóft), 2624-16 (meint aðhald) og 2624-17 (tóft). Ekki voru heldur skráðar minjar, bæði þekktar eða sýnilegar, innan heimatúna Fossár og Suður-Hamars, en vegurinn fer í gegnum bæði heimatúnin. Þá er fornt bæjarstæði Fossár ranglega staðsett í skýrslunni og sagt vera íbúðarhúsið og útihús sem standa í raun á fornu bæjarstæði Suður-Hamars. Loks má sjá á loftmynd frá 2011 að vinnubúðir verktakanna hafa verið reistar á fornu bæjarstæði Fossár með tilheyrandi jarðvegsframkvæmdum. Hugsanlega hafa minjar skaðast vegna þessa, bæði innan og utan heimatúna fyrrgreindra jarða.

## 4. Úttekt á deiliskipulagssvæði

Deiliskipulagssvæðið sem er neðri hluti Öskjudals ofan við núverandi þjóðveg, er skammt vestan við ánna Fossá og heimatún samnefnds býlis sem stóð austan við ánna. Svæðið hallar mót suðri og er víðast þurrt, mestu mólendi, en einnig klappar- og melholt. Svæðið hefur áður verið úthagi og nýtt til beitar fyrir búfénað. Til stendur að rækta þar upp fjölbreyttann skóg.

Innan deiliskipulagssvæðisins og skammt utan við það er nokkur fjöldi minja. Fossárstekkur (nr. 2624-1) og hlaðið garðlag (2624-2), sem virðist eldra en stekkurinn, eru neðst fyrir miðju skipulagssvæðisins. Í norður og norðnorðaustur frá stekknum eru fimm vörður og fjórar þeirra eru í nokkuð beinni línu sem liggur norður suður (nr. 2624-3, 5, 6 og 8). Varða (nr. 2624-4) liggur aðeins norðnorðaustan við þessa línu. Vörðunum hefur verði valinn staður hátt og áberandi á klappar- og melholti upp dalinn rétt austan við miðju hans. Flestar eða allar þessar vörður eru líklega minjar sem tilheyra leiðinni (nr. 2624-10) sem lá með austurhlíð Öskjudal um Fossárháls yfir í Þingmannadal. Um miðja 20. öld var ruddur vegslóði um Fossárháls og var hann í notkun þar til vegur fyrir Hörgsnes var lagður á árunum 1977-78. Vegslóðinn liggur með austur mörkum skipulagssvæðisins. Þessi veglagning hefur örugglega eytt minjum um gömlu götuna innan og við skipulagssvæðið, nema ef vera kynni að götutroðningur á smá kafla við efri mörk skipulagssvæðisins, um 40-70 metrum norðaustan við minjar nr. 2624-8 og 9, séu leifar hennar. Þessi troðningur getur allt eins verið fjárgata og ekki hægt að skera úr því nema að ganga Fossárháls yfir í Þingmannadal og leita að ummerkjum um gömlu götuna og hvort vörður vísa veginn alla leið yfir hálsinn. Vörðurnar sem fundust innan skipulagssvæðisins eru nokkuð frá vegslóðanum upp á Fossárháls og  ekki er sýnileg ummerki um ferðaleið við þær. Líklega mörkuðu vörðurnar vetrarleiðina og staðsetning þeirra efst á holtunum þannig valin að þær stæðu upp úr snjó að vetri. Neðsta varðan (nr. 2624-3) er með steini sem stendur út úr hleðslunni (vegvísir) og vísar til suðsuðausturs.

Fast suðvestan við vörðu nr. 2624-6, er lítið hlaðið byrgi (skot- eða smalabyrgi) og þannig í skjóli fyrir norðaustan áttinni. Ofarlega á skipulagssvæðinu, um 60 metrum norðan við vörðu nr. 2624-8 eru óljós merki um meint smala- eða skotbyrgi (nr. 2624-9), en þetta kann einnig að vera náttúrusmíð. Neðst, við suðaustur horn skipulagssvæðisins gengur hlaðinn garður (nr. 2624-11) frá hlíðarrótunum austan Bóllækjar niður að tóft (nr. 2624-13) og rétt (2624-14). Þessi garður virðist gamall, en er vel greinilegur. Tilgangur hans er ekki þekktur en þetta gæti verið hluti af túngarði Fossár á einhverjum tímapunkti. Hleðslan hefur verrið rofin á tveim stöðum vegna vegagerðar á 20. öld. Örnefnið Bóllækur er heimild um kvíar (nr. 2624-12) sem hafa verið á þessu svæði. Staðsetning

þeirra er óþekkt, ekki nema þær hafi verið á þeim slóðum sem minjar 2624-13, 14, 15 eða 16 eru. Tóft (nr. 2624-15) og sambyggt meint aðhald (nr. 2624-16) eru á litlum grasblett sem afmarkast af vegslóðanum upp á Fossárháls að norðaustan og yngri vegslóða að vestan. Skammt sunnan við þær, á vesturárbakka Fossár er svo tóft (2624-17). Minjar 2624-13, 14, 15, 16 og 17 eru allar skammt sunnan við skipulagssvæðið. Engu að síður geta þær verið í hættu vegna aðkomu að svæðinu eða breytinga á mörkum þess. Vestan við skipulagssvæðið, á melklappar brekkubrún áður en hallar vestur í árgil Öskjudalsár, eru tvær lágar og mikið hrundar steinþústir (nr. 2624-18 og 19) með 35 metra millibili og virðast þær vera manngerðar. Ekki verður sagt um tilgang þeirra, en mögulega eru þetta mikið hrundar vörður, dysjar eða eitthvað annað.

Allir ofangreindir minjastaðir njóta 15 metra friðhelgs svæðis við hverskonar framkvæmdir skv. *Lögum um menningarminjar.*

Skýrsluhöfundur í samráði við minjavörð leggur til að vörður nr. 2624-3, 5, 6 og 8 verði flokkaðar sem minjaheild um gömlu leiðina yfir Fossárháls og tryggt verði að sjónlína milli þeirra haldist. Ef sjónlínan rofnar er tilgangur varðanna sem vegvísir ekki lengur til staðar og minjagildi þeirra rýrt.

Skráðar voru minjar utan við deiliskipulagssvæðið og staðsetningu þeirra má hafa til hliðsjónar við frekari skipulagsgerð. Leita verður álits Minjastofnunar Íslands ef til stendur að framkvæma utan við deiliskipulagssvæðið, þó það sé innan skráningarsvæðisins. <u>Ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við hverskyns framkvæmdir, ber samkvæmt *menningarminjalögum* að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart.</u>




*Mynd 2: Mörk fyrirhugaðs skógræktarsvæðis. (Skógræktin - Kristján Jónsson, 2020)*

<u>*Athugið að skýrsla þessi er úttekt á fornleifum sem miðast við tillögu að deiliskipulagi frá 7. júlí 2020.*</u> **Skoða verður fornleifaskrána með tilliti til annarra staða innan skipulagssvæðisins vegna hverskonar framkvæmda og ef breytingar verða á skipulagi á síðari stigum.**

# 5. Niðurstöður

Eitt af meginmarkmiðum fornleifaskráningar er að vera skipulagsyfirvöldum innan handar við að standa vörð um fornleifar og marka stefnu í minjavernd og skipulagsmálefnum. Fornleifaskráningu lýkur í raun aldrei, bæði vegna þess að nýjar óþekktar minjar geta komið í ljós og eins vegna aldursskilgreiningar á fornleifum í l*ögum um menningarminjar.* Samkvæmt þeim teljast fornleifar vera hvers kyns mannvistarleifar 100 ára og eldri og því bætast nýjar minjar við árlega.

Alls voru skráðir 19 stakir minjastaðir innan og skammt utan deiliskipulagssvæðisins. 13 þeirra eru búsetuminjar jarðarinnar Fossár og 6 tengjast leið yfir Fossárháls. 17 minjar eru sýnilegar og 2 eru heimildir um minjar. Svæðið sem um ræðir er á Öskjudal, milli Bóllækjar og Öskjudalsár, ofan núverandi þjóðvegar. Minjarnar sem um ræðir eru stekkur (nr. 2624-1), garðlag (nr.2624-2), vörður (nr. 2624-3, 4, 5, 6 og 8), skot- eða smalabyrgi (nr. 2624-7 og 9), heimild um leið (nr. 2624-10), garðlag (nr. 2624-11), heimild um kvíar (nr. 2624-12), tóftir (nr. 2624-13, 15 og 17), rétt (nr. 2624-14), aðhald (nr. 2624-16) og tvær lágar og mikið hrundar steinþústir (nr. 2624-18 og 19) með óþekktan tilgang. Sjá nánar um hvern minjastað og verndargildi hans í kafla 8, aftast í skýrslunni.

Fyrirhugað skipulag stangast á við *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*, vegna minja (nr. 2624-1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8, 9, 10 og 11 sem allar eru innan skipulagssvæðisins að öllu leiti eða hluta. Sjá nánar í kafla 4.

Það skal áréttað að aðrar fornleifar en friðlýstar fornleifar njóta 15 metra friðhelgi og skal hafa það í huga varðandi allar framkvæmdir innan skipulagssvæðisins. Reynslan hefur sýnt að undir yngri minjum leynast oft eldri minjar. Sérstök aðgát skal höfð við framkvæmdir og rask í nágrenni skráðra fornleifa. Þetta á ekki einungis við um byggingaframkvæmdir, heldur einnig framkvæmdir eins og við lagningu neysluvatns, frárennslis, rafmagns, ak- og gönguleiða, girðinga, trjáræktar o.fl. Lögð er áhersla á að samkvæmt *menningarminjalögum* ber að stöðva framkvæmdir strax og gera Minjastofnun Íslands viðvart ef áður óþekktar fornminjar koma í ljós við jarðrask á framkvæmdatíma. Auðveldlega ætti að vera hægt að tryggja skráðum minjum að minnsta kosti 15 metra friðhelgt svæði. Skýrsluhöfundur mælir með því að vörður nr. 2624-3, 5, 6 og 8 verði flokkaðar sem minjaheild um gömlu leiðina yfir Fossárháls og tryggt verði að sjónlína milli þeirra haldist. Ef sjónlínan rofnar er tilgangur varðanna sem vegvísir ekki lengur til staðar og minjagildi þeirra rýrt.

Patreksfjörður, 10. mars 2021
Óskar Leifur Arnarsson

# 6. Heimildaskrá

Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1938). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Dala- og Barðastrandarsýsla.* VI. bindi. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag. [Reykjavík: Sögufélagið. Ljósprentuð útgáfa 1983.]

Birgir Þórisson (ritstj.). (2011). *Vestfjarðarit III. Fólkið, landið og sjórinn. Vestur-Barðastrandarsýsla 1901-2010.* Útgáfufélag Búnaðarsambands Vestfjarða.

Bjarni F. Einarsson. (2007). „Minjavernd er umhverfisvernd.“ *Eldjárn*. 2. árg. 1. tbl. s. 6-8

Bjarni F. Einarsson og Sandra Sif Einarsdóttir. (2008). *Fornleifaskrá Reykjanesbæjar.* Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn. 4*. bindi. 1265-1449. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn, 1897.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 5*. bindi. 1330-1476. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Kaupmannahöfn og Reykjavík, 1899-1902.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 6*. bindi. 1245-1491. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1900-1904.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn,* ... 8. bindi. 1261-1521. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1906-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 9*. bindi. 1262-1536. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1909-1913.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn, ... 11*. bindi. 1310-1550. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1915-1925.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn,* ... 12. bindi. 1200-1554. Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1923-1932.

*Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn,* ... 15. bindi. 1567-1570 (og síðar). Hið íslenzka bókmenntafjelag, Reykjavík, 1947-1950.

Elva Björg Einarsdóttir. (e.d.). *Barðastrandarhreppur. Fossárháls.* *http://bardastrandarhreppur.net/Lei%C3%B0ir/fossarhals/*

*Vestfirðinga sögur - Gísla saga Súrssonar.* (1943). Björn K. Þórólfsson og Guðni Jónsson (gáfu út). Íslensk fornrit, VI. bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

*Íslendingabók Landnámabók.* (1968). Jakob Benediktsson (gaf út). Íslensk fornrit, I. bindi. Reykjavík: Hið íslenzka fornritafélag.

J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn.

*Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Úrdrættir.* (1993). Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.

*Lög um menningarminjar nr. 80, 29. júní 2012.* http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html

*Ný jarðabók fyrir Ísland, samin eptir tilskipun 27. maímánaðar 1848 og allramildilegast staðfest með tilskipun 1. aprílmánaðar 1861.* (1861). Kaupmannahöfn: [Jarðabókaútgáfan].

Magnús A. Sigurðsson, minjavörður Vesturlands á Minjastofnun Íslands. Bréf dagsett 27. október 2020. *MÍ202010-0121 / 6.10 / M.A.S.*

Margrét Hallmundsdóttir og Caroline Paulsen. (2008). *Fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar Vestfjarðavegar nr. 60: Frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði.* NV nr.16-08. Bolungarvík: Náttúrustofa Vestfjarða.

Oddgeir Isaksen og Orri Vésteinsson. (2015, 21. október). „Fornleifar þurfa ekki að koma á óvart." *Fréttablaðið*, bls. 15.

Oddgeir Isaksen (2016). *Leiðbeiningar Minjastofnun Íslands 1. Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn.* Reykjavík: Minjastofnun Íslands. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/Skilaferli-skraningargagna_leidbeiningar_uppf.pdf

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir (1997). *Menningarminjar í Vesturbyggð. Svæðisskráning.* FS031-96041. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.

*Umsókn um framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlinu Fossá m/Hamri Barðaströnd.* Deiliskipulagstillaga. Kristján Jónsson, 2020.

Sigurður Vigfússon. (1893). „Rannsóknir í Breiðafirði 1889." *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags*. 8. árg., 11893. Reykjavík, Hið íslenzka fornleifafélag.

*Skráningarstaðlar fornleifa*. (2013). Minjastofnun Íslands. http://www.minjastofnun.is/media/skjol-i-grein/skraningarstadlar_2013_fornleifar.pdf

Stefán Gíslason. (2010). *Staðardagskrá 21 á Íslandi. Lokaskýrsla um samstarfsverkefni Sambands íslenskra sveitarfélaga og umhverfisráðuneytisins 1998-2009.* www.samband.is/media/sjalfbaer-throun---stadardagskra-21/Lokaskyrsla_SD21_Island_agust2010.pdf

Yngvi Þór Loftsson, Óskar Örn Gunnarsson og Margrét Ólafsdóttir. (mars 2006 / lagfært 28. mars 2008). *Vesturbyggð. Aðalskipulag 2006-2018.* Landmótun. https://content.vesturbyggd.is/wp-content/uploads/2018/07/adalskipulag_vesturbyggd_2006-2018.pdf

Þjóðskrá Íslands. (e.d.). *Fasteignaskrá*. Sótt 20. febrúar 2021. http://www.skra.is

**Örnefnaskrár:**

Örnefnaskrá Fossá og Suðurhamar (1935). Helgi Guðmundsson skráði eftir Pétri Jónssyni

Viðbætur við örnefnaskrá Fossá – Hamar (1977). Sigríður Jóhannsdóttir.

**Munnlegar heimildir:**

Elva Björg Einarsdóttir, frá Seftjörn (f. 1966)

Ingvi Óskar Haraldsson, frá Fossá (f. 1937)

**Loftmyndir:**

Loftmyndir ehf., loftmynd frá árinu 2011.

**Kort:**

Generalstabens topografiske Kort (1914 / 1941). 13 *NA. Barðaströnd - Brjánslækur.* 1:50.000. Kaupmannahöfn: Generalstabens topografiske Afdeling.

## 7. Kort



N
Fossá - deiliskipulag
Fornleifar
15 metra friðhelgi
Deiliskipulagsmörk
Skráningarsvæði
Vörður - sjónlína
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16
17
18
19
0
100
200
300 m

# 8. Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| *Fornleifanr. MÍ* | **2624-1** |
| ***Verknr. MÍ*** | **2624** |
| *Eldra númer* | Ba-092:010 |
| *Sýsla* | Vestur-Barðastrandarsýsla |
| *Sveitarfélag* | Vesturbyggð |
| *Hreppur nr.* | 4601 (Barðastrandarhreppur) |
| *Landareign* | Fossá |
| *Landnúmer* | 139798 |
| *Skrásetjari* | Óskar Leifur Arnarsson |
| *Heimsótt* | 19.01.2021 |
| *GPS hnit* | A312228 N567294 |
| *Hnitakerfi* | ISN93 |
| *M.y.s.* | - |
| *Skekkja* | 0,5 m |
| *Sérheiti / örnefni* | Fossárstekkur |
| *Minjaheild* | |
| *Tegund* | niðurgröftur með hleðslu |
| *Tegund annað* | |
| *Hlutverk* | stekkur |
| *Hlutverk annað* | |
| *Aldur* | 1700-1900 |
| *Friðlýst?* | Nei |
| *Friðlýsa?* | Nei |
| *Varðveislugildi* | Talsvert |
| *Minjaspjöll?* | Nei |
| *Gróður* | graslendi |

| | |
|---|---|
| *Ástand* | Vel greinanlegar fornleifar |
| *Horfin* | Nei |
| *Hættumat* | Mikil hætta |
| *Hættuorsök* | trjárækt |
| *Veggjahæð* | 0,3-1,0 m |
| *Veggþykkt* | 1,0 m |
| *Breidd* | 5 m |
| *Lengd* | 13 m |

*Lýsing:* Stekkurinn er í grasi grónum hvammi neðan og vestan/suðvestan við klettaholt (Heimra-Stekkjarholt?) sem gengur norður-suður fram Öskjualinn. Hann er um 117 metrum NA við núverandi þjóðveg. Stekkurinn hefur verið grafinn inn í halla til norðurs og hlaðinn út torfi og grjóti. Hann er fast norðvestan megin við klettavegg sem myndar suðaustur hlið hans. Hann snýr norðuraustur suðurvestur, með inngang í suðvestur enda og lambakró í norðaustur enda. Að utanmáli er hleðslan um 5 x 13 metrar að stærð. Garðlag (nr. 2624-2) gengur frá vestur hlið lambakróarinnar í boga til norðurs og virðist eldra en stekkurinn. Hugsanlega hefur þessi hleðsla raskast þegar stekkurinn var hlaðinn.
Minjarnar eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og njóta 15 metra friðhelgaðs svæðis sem fornleifarnar njóta samkvæmt menningarminjalögum.

Í örnefnaskrá Fossár segir: „*Fyrir vestan Bóllæk er klettahjalli sem liggur upp og ofan; heitir Stekkjarholt. Áfast við hjallann að vestan er gamall stekkur; heitir Fossárstekkur.*“ (Ö-Fossá og Suðurhamars, 1935).
Í viðbót við örnefnaskrá segir: „*Rústir Fossárstekks eru greinilegar.* Um annan stekk, Hamarsstek, segir svo: *Hamarsstekkur ... Þar sjást enn glöggar rústir. ... Hann var notaður fram yfir aldamót* [1900], *en ekki eftir minni Haralds* [Sigmundssonar]. *Níels, faðir sr. Árelíusar, bjó eitt sinn á Hamri. Hann var sá síðasti, sem færði frá á Hjarðarnesi. Það hefur verið rétt eftir aldamótin* [1900]...“ (Ö-Fossá - Hamar, 1977).



*Mynd 3:Fossárstekkur er hlaðinn norðvestan við klapparvegg, um 117 m norðaustan við núverandi þjóðveg. Teikn. ÓLA*


*Mynd 4: Fossárstekkur séð ofanfrá mót suður. Garðlag (nr. 2624-2) er nær. Ljósm. ÓLA*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| Fornleifanr. MÍ | **2624-2** |
| **Verknr. MÍ** | **2624** |
| Eldra númer | |
| Sýsla | Vestur-Barðastrandarsýsla |
| Sveitarfélag | Vesturbyggð |
| Hreppur nr. | 4601 (Barðastrandarhreppur) |
| Landareign | Fossá |
| Landnúmer | 139798 |
| Skrásetjari | Óskar Leifur Arnarsson |
| Heimsótt | 19.01.2021 |
| GPS hnit | A312231 N567311 |
| Hnitakerfi | ISN93 |
| M.y.s. | - |
| Skekkja | 0,5 m |
| Sérheiti / örnefni | Fossárstekkur |
| Minjaheild | |
| Tegund | garðlag |
| Tegund annað | |
| Hlutverk | óþekkt |
| Hlutverk annað | |
| Aldur | 1500-1800 |
| Friðlýst? | Nei |
| Friðlýsa? | Nei |
| Varðveislugildi | Talsvert |
| Minjaspjöll? | Nei |
| Gróður | graslendi |

| | |
|---|---|
| Ástand | Greinanlegar fornleifar |
| Horfin | ekki vitað |
| Hættumat | Mikil hætta |
| Hættuorsök | trjárækt |
| Veggjahæð | 0,3-0,6 m |
| Veggþykkt | 2,0 m |
| Breidd | 9 m |
| Lengd | 12 m |

*Lýsing:* Garðlag sem er hlaðið í boga í grasi grónum hvammi upp undir kletta Heimra-Stekkjarholts og myndar þannig aðhald. Hleðslur garðlagsins eru nokkuð signar og virðast vera eldra en Fossárstekkur (nr. 2624-1). Hugsanlega hefur stekkurinn raskað garðinum að hluta í suðaustur enda. Ekki er vitað hvort þessi mannvirki hafi verið notuð samtímis, en það gæti vel verið. Að utanmáli er hleðslan um 9 x 12 metrar að stærð með op í vestur horni. Minjarnar eru um 120 metrum NA við núverandi þjóðveg.

Minjarnar eru innan fyrirhugaðs skógræktarsvæðis og njóta 15 metra friðhelgaðs svæðis sem fornleifarnar njóta samkvæmt menningarminjalögum.

Í örnefnaskrá Fossár segir: „*Fyrir vestan Bóllæk er klettahjalli sem liggur upp og ofan; heitir Stekkjarholt. Áfast við hjallann að vestan er gamall stekkur; heitir Fossárstekkur.*“ (Ö-Fossá og Suðurhamars, 1935).
Í viðbót við örnefnaskrá segir: „*Rústir Fossárstekks eru greinilegar.* Um annan stekk, Hamarsstek, segir svo: *Hamarsstekkur ... Þar sjást enn glöggar rústir. ... Hann var notaður fram yfir aldamót* [1900], *en ekki eftir minni Haralds* [Sigmundssonar]. *Níels, faðir sr. Árelíusar, bjó eitt sinn á Hamri. Hann var sá síðasti, sem færði frá á Hjarðarnesi. Það hefur verið rétt eftir aldamótin* [1900]...“ (Ö-Fossá - Hamar, 1977).




*Mynd 5: Milli stekkjartóftarinnar og klettanna norðan við er hlaðinn garður í sveig sem myndar aðhald. Teikn. ÓLA*



*Mynd 6: Garðlagið sést fyrir miðri mynd, milli stekkjarins og klettanna. Varða (nr. 2624-3) upp á klettinum í bakgrunni, séð mót norðnorðvestur. Ljósm. ÓLA*

# Fornleifaskrá

| | |
|---|---|
| Fornleifanr. MÍ | **2624-3** |
| **Verknr. MÍ** | **2624** |
| Eldra númer | |
| Sýsla | Vestur-Barðastrandarsýsla |
| Sveitarfélag | Vesturbyggð |
| Hreppur nr. | 4601 (Barðastrandarhreppur) |
| Landareign | Fossá |
| Landnúmer | 139798 |
| Skrásetjari | Óskar Leifur Arnarsson |
| Heimsótt | 19.01.2021 |
| GPS hnit | A312227 N567426 |
| Hnitakerfi | ISN93 |
| M.y.s. | - |
| Skekkja | 0,5 m |
| Sérheiti / örnefni | Heimra-Stekkjarholt |
| Minjaheild | leið |
| Tegund | varða |
| Tegund annað | |
| Hlutverk | leið |
| Hlutverk annað | |
| Aldur | 1700-1900 |
| Friðlýst? | Nei |
| Friðlýsa? | Nei |
| Varðveislugildi | Talsvert |
| Minjaspjöll? | Nei |
| Gróður | gróðurvana |

| | |
|---|---|
| Ástand | Heillegar fornleifar |
| Horfin | Nei |
| Hættumat | Hætta |
| Hættuorsök | rask |
| Veggjahæð | 1,5 m |
| Veggþykkt | 1,0 m |
| Breidd | - |
| Lengd | - |

*Lýsing:* Heil varða sem hlaðin hefur verið upp á 0,5-0,7 metra hárri klöpp sem stendur upp úr holtinu. Varðan er neðarlega á Heimra-Stekkjarholti, um 120 metrum norðan við Fossárstekk (nr. 2624-1) og 235 metrum norðaustan við núverandi þjóðveg.

